



Borgarráð

Reykjavík, 7. janúar 2025

MSS24120098

Beiðni um flutning dagdvalar Þorrasels vegna stækkunar Heilsugæslustöðvar Miðbæjar

Lagt er til að borgarráð samþykki að erindi heilbrigðisráðuneytisins vegna beiðni um flutning dagdvalar Þorrasels vegna stækkunar Heilsugæslustöðvar Miðbæjar verði vísað til velferðarsviðs til meðferðar. Huga þurfi fyrst að húsnæði fyrir staðsetningu dagvalar Þorrasels áður en mál Heilsugæslustöðvar verði skoðuð nánar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi heilbrigðisráðuneytisins – Beiðni um flutning dagdvalar Þorrasels vegna stækkunar Heilsugæslustöðvar Miðbæjar, dags. 6. janúar 2025.



Borgarráð Reykjavíkur
b.t. Einars Þorsteinssonar borgarstjóra
og Rannveigar Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs

Dagsetning **6. desember 2024**
Málsnúmer **HRN23110344**

Beiðni um flutning dagdvalar Þorrasels vegna stækkunar Heilsugæslustöðvar Miðbæjar.

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir vinnur nú, í samráði við heilbrigðisráðuneytið og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, að því að finna húsnæði fyrir stækkun Heilsugæslustöðvar Miðbæjar vegna brýnnar þarfar sem bregðast þarf við. Í júlí síðastliðnum var auglýst eftir húsnæði til leigu fyrir stöðina, en án árangurs.

Heilsugæslan Miðbær er staðsett í rúmlega 500 m² húsnæði að Vesturgötu 7. Tæplega 15 þúsund skjólstæðingar eru skráðir á stöðina. Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins er húsnæðisþörfin um 90m² á hverja 1000 skjólstæðinga og ætti húsnæði stöðvarinnar því að vera um 1.350m².

Þar sem auglýsing um húsnæði þar ekki árangur, telur ráðuneytið farsælast að starfsemin verði stækkuð á núverandi stað og taki yfir það húsnæði sem dagdvölin Þorrasel nýtir nú. Ráðuneytið er hins vegar tilbúið til tryggja dagdvölinni annað húsnæði í póstnúmeri 101 eða 107 ásamt rekstraraðila.

Ráðuneytið óskar eftir afstöðu borgarráðs til ofangreinds.

F.h. ráðherra

Guðlaug Einarsdóttir

skrifstofustjóri